

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Bæjarstjórn Fjallabyggðar óskar eftir að ráða bæjarstjóra. Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila til að leiða áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins.

Helstu verkefni

- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og sér um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stefnumótun, kynningar- og ímyndarmálum
- Áhugi á og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð þekking á og reynsla af lögum og reglugerðum í opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg
- Óflekkað mannorð

Fjallabyggð



Í Fjallabyggð búa um 2.000 íbúar og samanstendur sveitarfélagið af byggðakjörnum Ólafsfirði og Siglufirði. Sveitarfélagið Fjallabyggð rekur margs konar opinbera þjónustu, s.s. leikskóla, grunnskóla, öldrunarheimili, þjónustumiðstöð, slökkvistöð, félagsþjónustu, o.fl. Í Fjallabyggð er öflugt og fjölbreytt samfélag með litskrúðugu mannlífi og atvinnulífi. Í Fjallabyggð er einnig mikið úrval afþreyingar fyrir íbúa og gesti.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **26. júní nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Þórdís Sif Arnardóttir, thordis@hagvangur.is.

VERKEFNASTJÓRI

RAFMENNT leitar að lausnarmiðuðum verkefnastjóra til starfa við ákvæðisgrunn rafiðnaðarins auk annarra starfa tengd endurmenntun félagsmanna.

Starfssvið

- Þjónusta ákvæðisgrunn rafiðnaðarins
- Samskipti við notendur
- Þróun og nýsköpun á ákvæðisvinnugrunni og öðrum þáttum sem tengjast endur- og símenntun
- Handleiðsla og kennsla
- Verkefni tengd gæðamálum

Hæfniskröfur

- Þekking á ákvæðisvinnu og ákvæðisvinnugrunni rafiðna
- Þekking á tilboðsgerð og iðnrekstri
- Þekking á endur- og símenntun
- Þekking á gæðakerfum og gæðastjórnun
- Skipulagshæfni og fúmkvæði í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta og góð Excel þekking
- Gott vald á íslensku og ensku í tali og ritun

Menntunarkröfur

- Sveinspróf í rafiðngrein
- Meistarabréf og/eða önnur framhaldsmenntun í rafiðngreinum er kostur
- Kennsluréttindi er kostur

RAFMENNT hefur það hlutverk að bjóða fræðslu og styðja fræðslutengd verkefni með það að markmiði að uppfylla fræðsluþörf á sviði rafiðnaðar og svara þannig þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Hjá **RAFMENNT** starfa tíu starfsmenn við fjölbreytt störf sem snúa að menntun og endurmenntun félagsmanna.



RAFMENNT

fræðslusetur rafiðnaðarins

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra sem veitir nánari upplýsingar um starfið á netfangið thor@rafmennt.is.
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk.

Miðað er við að nýr starfsmaður hefji störf í síðasta lagi 1. október.

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • sími 540 0160

rafmennt.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



ADSTADA Í ALLRA ÞÁGU

Viltu móta framtíðina með okkur?

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

GÆÐASTJÓRI

FSRE óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að leiða ferla-umbætur og þróun nýs gæðakerfis í nýrri stofnun. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem

Helstu verkefni

- Ábyrgð og umsjón með þróun og uppbyggingu gæðakerfis stofnunarinnar.
- Uppsetning rafrænna gæðaskjala og ferla í samstarfi við önnur svið.
- Viðhald á gæðaskjölum, gæðaaætlun auk innri úttekta.
- Regluleg rýni ferla og verklagsreglna ásamt umbótastarfi á sviði gæðamál.
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um gæðamál.
- Ráðgjöf og stuðningur til stjórnenda og starfsfólks.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. af verk-, raunvísinda- eða tæknisviði.
- Viðbótarmenntun á sviði verkefnastjórnunar er kostur.
- Þekking á rekstri gæðastjórnunarkerfa, mótun verkferla og innleiðingu er skilyrði.
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun og skipulagningu umbótaverkefna er kostur.
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á stafrænni þróun er kostur.

UPPLÝSINGA- OG SKJALASTJÓRI

FSRE óskar eftir að ráða ábyrgan, metnaðarfullan og öflugan leiðtoga í starf upplýsinga- og skjalastjóra. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Ábyrgð og umsjón með að upplýsinga- og skjalavistun FSRE sé í samræmi við lög og reglur.
- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við upplýsinga- og skjalavistun.
- Þróun og uppbygging á upplýsinga- og skjalastjórnunarkerfi.
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um upplýsinga- og skjalamál.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk varaðandi upplýsinga- og skjalavistun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í upplýsingafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af upplýsinga- og skjalastjórnun er skilyrði.
- Þekking og reynsla af notkun rafrænna upplýsinga- og skjalastýringarkerfa er æskileg.
- Þekking á WorkPoint er kostur.
- Þekking á Microsoft skýjalausnum er kostur.
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf.
- Reynsla af stjórnun og eftirfylgni verkefna er kostur.

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

FSRE þróar og rekur aðstöðu á vegum ráðuneyta, stofnana og annarra ríkisaðila og gegnir með því mikilvægu hlutverki í þjónustu við borgarana.

Við erum í dag rúmlega 60 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og bygjum saman á eftirfarandi gildum: FRAMSÝNI, SAMVINNA OG FAGMENNSKA.

Eignasafn FSRE samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða.

Um þessar mundir vinnum við að um 130 þróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins; s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, löggæslu, dómskerfi, náttúru og friðlýst svæði.

Nánari upplýsingar má finna á www.fsre.is.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 27. JÚNÍ 2022. Nánari upplýsingar um störfin eru á heimasíðu Intellecta.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdís@intellecta.is).

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



Byggjum saman nýjan Landspítala

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) eflir liðsheild sína á verkefnastofu félagsins við Hringbraut.

Staðarverkfræðingur

■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Stýringu framkvæmda af hálfu verkkaupa
- Verkefnastjórnun og verkskipulagningu framkvæmdasamninga
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit framkvæmdaverka
- Áhættugreiningu og áhættuvöktun framkvæmdaverka
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Verkeftirlit og úttektir einstakra verka

Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Verkefnastjórnun framkvæmdasamninga
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit framkvæmdaverka
- Áhættugreiningu og áhættuvöktun framkvæmdaverka
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Verkeftirlit og úttektir einstakra verka

■ Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

Leitað er að einstaklingum sem eru með háskólamenntun á sviði verk- og tæknifræði, hag- og viðskiptafræði eða aðra sambærilega menntun. Krafist er minnst sjö ára reynslu á atvinnumarkaði af stjórnun eða virkri þátttöku í framkvæmda-, tækja- eða innkaupaverkefnum. Auk þess er kostur ef viðkomandi hafa þekkingu á verklegum opinberum framkvæmdum eða innkaupaferlum og búnaði svo og reynslu af áætlunargerð, tíma- og fjárhagslegri stýringu verkefna.

NLSH tekur m.a. þátt í verkefnastjórn á þróunar-, hönnunar- og framkvæmdaverkefnum vegna húsnæðis og innviða á nýjum Landspítala m.a. gatnagerðar og lóðar við Hringbraut. Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Fjöldi ráðgjafa og verktaka starfar fyrir félagið. Nánari upplýsingar um NLSH má finna á www.nlsh.is.

Umsóknarfrestur er til og með **27. júní 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. **Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.**

Verkefnastjóri innkaupa

■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Faglega ráðgjöf varðandi innkaup til fagsviða NLSH
- Stefnumótun um innkaupaleiðir
- Samskipti og samvinnu við Ríkiskaup
- Gerð samninga um innkaup
- Framvinduáætlanir innkaupaverkefna
- Áhættumat á innkaupaverkefnum

Verkefnastjóri tækja og búnaðar

■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Þróun og vinnslu áætlana um lækninga- og rannsóknatæki og almennan búnað
- Skilgreiningu búnaðarins með notendum og ráðgjöfum
- Umsjón með skráningu búnaðarins
- Aðkomu að stefnumótun um aðferðafræði við innkaup búnaðarins



Pór hf. leitar að sölu- og markaðsfólki

Pór hf. leggur mikla áherslu á gæðavörur og framúrskarandi þjónustu. Nýir stjórnendur félagsins vilja blása til sóknar í sölu- og markaðsmálum og við leitum því að árangursdrifnu og kraftmiklu fólki með mikla þjónustulund til að taka þátt í þeim spennandi verkefnum sem fram undan eru hjá fyrirtækinu.

Sölufulltrúi á hjólum

Við leitum að drífandi og hressum sölufulltrúa í teymið okkar í sölu á handverkfærum og rekstrarvörum. Sölufulltrúi fer í heimsóknir til viðskiptavina og sér um frágang viðskipta og eftirfylgni.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæði og skipulagning
- Lífsgleði og áhugi á mannlegum samskiptum
- Þekking og áhugi á handverkfærum
- Iðnmenntun er kostur en ekki nauðsyn

Markaðssérfræðingur

Við leitum að skapandi sérfræðingi í markaðsmálum í nýtt starf hjá Pór hf. Markaðssérfræðingur hefur meðal annars umsjón með vefsíðu og gerð markaðsefnis. Um er að ræða hálfstarf með möguleika á hækkun starfshlutfalli síðar.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af notkun á Adobe InDesign, Photoshop eða sambærilegum forritum
- Þekking á einhverju af eftirfarandi: Google Ads, Google Analytics, Meta Pixel

Umsóknarfrestur er til og með **21. júní nk.**

Nánari upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is, og Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.

PÓR ^H_F

Pór hf. er 60 ára gamalt fyrirtæki í fjölskyldueigu. Við flytjum inn, seljum og þjónustum vélar og tæki fyrir fagaðila í ýmsum iðngreinum. Við erum umboðsaðili fyrir mörg þekkt vörumerki, s.s. Makita, Flex, EGO, Kubota og Deutz-Fahr. Við erum með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri og rekum okkar eigið verkstæði á báðum stöðum. Hjá Pór hf. starfa 25 manns.



Sótt er um störfín á hagvangur.is



Sveitarstjóri Norðurþings

Sveitarfélagið Norðurþing auglýsir laust til umsóknar starf sveitarstjóra.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins Norðurþings út á við og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Reynsla af mannauðsmálum
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og hugmyndaauði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og íslensku



Sveitarfélagið er fjölbreytt og metnaðarfullt samfélag og varð það til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps árið 2006. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Sveitirnar Reykjahverfi, Kelduhverfi, Núpasveit, Hólsfjöll og Öxarfjörður tilheyra einnig Norðurþingi og var íbúafjöldi 3.041 þann 1. janúar 2022. Norðurþing er góður búsetukostur, m.a. vegna góðra leik-, grunn- og framhaldsskóla, fjölbreytts atvinnulífs og þjónustu, kraftmikils íþróttastarfs, auðugs félags- og menningarlífs ásamt veðursæld og stórbrotinnar náttúrufergurðar.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **26. júní nk.** Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Verkefnastjóri Kennslu og Þróunar



Háskólinn á Bifröst leitar að verkefnastjóra í kennslufræðum í fullt starf.

Háskólinn á Bifröst leitar að verkefnastjóra í kennslufræðum í fullt starf. Um er að ræða tvíþætt starf, sem felur annars vegar í sér kennslufræðilega aðstoð og þróun gæða háskólanáms í stafrænni miðlun og hinsvegar utnumhald og verkefnastýringu staðlota grunnnáms. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að vinna með góðum hópi í stuðningi við kennara og þróun starfræns náms. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar í kennslu og er leiðandi hér á landi í stafrænni miðlun náms á háskólastigi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Námskeiðahald og kennslufræðileg ráðgjöf í samráði við framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu og deildarforseta.
- Þróun á kennslufræði starfræns náms og lausna í stafrænni kennslu
- Aðstoð við nám- og kennsluskrárvinnu í samvinnu við verkefnastjóra, kennslustjóra og deildarforseta
- Kennslumat og úrvinnsla gagna
- Umsjón með vinnuhelgum grunnnáms, verkefnastjórnun og gerð stundatöflu
- Samskipti við bóksölu vegna pantana á námsbókum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á sviði menntunarfræða eða á öðru sviði sem nýtist í starfi
- Reynsla af þróun kennsluhátta er kostur
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á stafrænum kennsluháttum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í stýringu verkefna og skipulagshæfni
- Góð þekking á stafrænum kennsluháttum
- Góð samskiptahæfni og hæfni í að vinna með fjölbreyttum hópum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í rituðu og töluðu máli
- Kennslureynsla kostur
- Þekking á háskólasamfélagi kostur

Umsókn: Með umsókn fylgi ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem lýst er reynslu sem nýtist í starfi.

Starfsstöð verkefnisstjóra í kennslufræðum er á Bifröst með ákveðna viðverudaga í Reykjavík

Nánari upplýsingar Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu kennslustjóri@bifrost.is sími 433-3000 eða Hulda Dóra Styrmsdóttir mannauðsstjóri, mannaudsstjóri@bifrost.is. Umsóknir skilist inn á umsóknarvefnum Alfred.is.

Umsóknarfrestur er til og með 13. Júní 2022

bifrost.is



Fjármálastjóri

Bjarg íbúðafélag leitar að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunarstarf þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Í boði er áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Fjármögnun verkefna
- Sjóðsstýring og ávöxtun fjármuna
- Líkana-, áætlana- og skýrslugerðir
- Vinna við uppgjör í samvinnu við stjórnendur og endurskoðendur
- Samskipti við fjármálastofnanir og samstarfsaðila

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórnun
- Öguð og skipulögð vinnubrögð byggð á metnaði og árangri
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í starfi
- Mjög góð færni í íslensku í ræðu og riti

Bjarg íbúðafélag er íbúðaleigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Félagið er með um 700 íbúðir í útleigu og vinnur að byggingu 1000 íbúða víðs vegar um land. Nánari upplýsingar má finna á: **www.bjargibudafelag.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **23. júní 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Dagbjört Una Helgadóttir (dagbjort@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



LOGOS

Reykjavík • London

LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmannsstofa á Íslandi sem á sér lengsta sögu, eða allt aftur til ársins 1907. Hjá LOGOS starfa um 70 manns á skrifstofum félagsins bæði í Reykjavík og London.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

Skrifstofustjóri

LOGOS leitar að drifandi og metnaðarfullum skrifstofustjóra til þess að annast mannauðsmál og daglegan rekstur skrifstofu. Verkefni skrifstofustjóra eru afar fjölbreytt og krefjast hæfni í mannlegum samskiptum ásamt færni í rekstri, fjármálum og upplýsingatækni.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Skipuleggja, stjórna og hafa faglega umsjón með skrifstofu, starfsmannahaldi, kynningar- og markaðsmálum og fjármálum félagsins í samvinnu við framkvæmdastjóra.
- Ábyrgð á og þróa skipulag og hámarka skilvirkni rekstrarsviða í samræmi við sýn og stefnu eigenda.
- Sinna markaðssetningu og kynningarmálum í samvinnu við framkvæmdastjóra.
- Gerð mánaðarlegra skýrslna í samvinnu við forstöðumann fjárhagsdeildar.
- Veita ráðgjöf til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
- Önnur tilfallandi mál á skrifstofu.


Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af mannauðsmálum og rekstri.
- Reynsla af fjármálum, markaðsstarfi og/eða upplýsingatækni er kostur.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, lipurð og jákvætt viðmót.
- Skilvirk vinnubrögð, yfirsýn og frumkvæði.
- Færni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Lögfræðingur

Við leitum að liðsauka í öflugt teymi viðskiptatekna- og sölu á Keflavíkurflugvelli

Isavia leitar að lögfræðingi sem býr yfir ríkum umbótavilja og hugmyndaauðgi og er tilbúinn að stíga af krafti inn í metnaðarfullt teymi viðskiptatekna- og sölu á Keflavíkurflugvelli. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á útboðs- og þróunarverkefnum þar sem starfið snýst meðal annars um umsjón útboða á sérleyfissamningum og stjórnun samningsgerða. Áhugi á viðskiptum mikill kostur, sem og skapandi hugsun. Viðkomandi aðili mun starfa náið með lögfræðideild Isavia þegar kemur að almennri lagalegri ráðgjöf fyrir eininguna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní.

Sótt er um starfið á vinnvinn.is.

Frekari upplýsingar veitir Jensína Kristín Böðvarsdóttir; jensina@vinnvinn.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í lögfræði, framhaldsmenntun æskileg
- Háskólamenntun eða reynsla á sviði viðskipta er kostur
- Þekking og reynsla á sviði opinberra innkaupa er kostur
- Þekking og reynsla á sviði samkeppnislaga er kostur
- Hæfni í verkefnastýringu og geta til að vinna í teymi
- Mikil hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og faglegur metnaður til að ná árangri
- Framúrskarandi samskiptafærni, þjónustudrifið og lausnamiðað hugarfar

Saman náum við árangri

Isavia er vinnustaður þar sem við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.



ISAVIA



HRAFNISTA

Hrafnista starfrækir átta hjúkrunarheimili í fimm sveitarfélögum þar sem veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra íbúa heimilanna. Hjá okkur starfa tæplega 1700 manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.



Óskað er eftir að umsókn fylgi ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar veitir Freyja Rúnarsdóttir, mannauðsráðgjafi (freyja.runarsdottir@hrafnista.is)

Deildarstjóri

- Dagendurhæfing Laugarási



Hrafnista í Laugarási leitar eftir deildarstjóra í 100% stöðu til að stýra starfi dagendurhæfingar. Markmið dagendurhæfingar miðar að því að einstaklingurinn eflist í sínu daglega lífi, styrkist bæði andlega og líkamlega, auki eða viðhaldi færni sinni til áframhaldandi sjálfstæðrar búsetu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og rekstur á starfsemi dagendurhæfingar
- Skipuleggja störf starfsfólks í samræmi við þarfir þjónustuþega
- Bera ábyrgð á þjónustu og gæðum veittrar þjónustu
- Ráðgjöf og fræðsla
- Teymisvinna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2022.

Sækja þarf um starfið á heimasíðu Hrafnistu; hrafnista.alfred.is.

Hrafnista: Laugarás | Hraunvangur | Boðarþing | Nesvellir | Hlévangur | Ísafold | Sléttuvegur | Skógarbær

Bókhald og innflutningur

Rafkaup óskar eftir að ráða starfsmann í bókhald, innflutning og tollamál.

Um er að ræða vinnu við almennt bókhald, afstemmingar og uppgjör ásamt vinnu við pantanir, innflutning, samskipti við erlenda birgja, tollskýrslugerð, launavinnslu, umsjón talninga og fleira.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð tölvukunnátta
- Gott skipulag
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði

Einungis reyklusir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina og þarf viðkomandi að hafa hreint sakavottorð. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á atvinna@rafkaup.is fyrir 20. júní.

Rafkaup

Ármúla 24 • rafkaup.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Samannáum við árangri

Pinn árangur Arion



Fjármála- og tryggingaráðgjafar

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum aðilum í störf fjármála- og tryggingaráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum fá til liðs við okkur aðila sem geta unnið sjálfstætt og hafa metnað til að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.



Menntun og hæfniskröfur:

- › Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða góð bankareynsla
- › Þekking á tryggingum og útlánum er kostur
- › Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- › Frumkvæði og söludrifni
- › Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- › Góð tölvukunnátta og áhugi á stafrænum lausnum

Nánari upplýsingar má finna á arion.is/starf

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní.

Við leitum að framsæknum og drífandi einstaklingum sem njóta sín við að leiða fólk til árangurs



Vinnueftirlitið þróast í takt við örar breytingar á vinnumarkaði og því höfum við samþykkt nýja stefnu og framtíðarsýn til 2028 og nýtt skipulag. Markmið okkar er að stuðla að bættri vellíðan, heilsu og öryggi starfsfólks þannig að allir komi heilir heim.

Til að styðja við farsæla innleiðingu verða þrír straumar innan nýs sviðs vinnuverndar þar sem kjarnaverkefni stofnunarinnar streyma í gegn. Auglýsum við því eftir þremur leiðtogum til að veita hverjum straumi faglega forystu í samstarfi við sviðsstjóra vinnuverndar.

Einnig gerir nýtt skipulag ráð fyrir sérstakri verkefnastofu þar sem unnið verður að nýsköpun á sviði vinnuverndar ásamt öðrum þróunarverkefnum og innri umbótarverkefnum. Auglýsum við því jafnframt eftir öflugum verkefnastjóra til að leiða verkefnastofuna í samstarfi við sviðsstjóra fólks, upplýsinga og þróunar.

Við leitum að árangursdrifnum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem ná því besta fram hjá samstarfsfólki. Um er að ræða spennandi störf þar sem áhersla er á teymisvinnu, verkefni og góða þjónustu og er mögulegt að sinna þeim frá starfsstöðvum okkar víðs vegar um landið.

Störf leiðtoga tilheyra sviði vinnuverndar en starf verkefnastjóra sviði fólks, upplýsinga og þróunar.

Leiðtogar strauma	Leiðtogi stafrænna samskipta	Leiðtogi vettvangsathugana	Leiðtogi vinnuvéla og tækja
Helstu verkefni og ábyrgð er að: • Veita viðkomandi straumi faglega forystu í samræmi við stefnumarkandi áherslur hverju sinni • Bera ábyrgð á framkvæmd áætlana og greininga vegna verkefna innan straumsins • Bera ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni verkefna í straumnum • Bera ábyrgð á flæði verkefna í viðkomandi straumi • Þróa og samræma aðferðafræði og verkefnisstjórnun innan sviðsins • Innleiða aðferðafræði og verkferla innan viðkomandi straums • Fylgja eftir árangursmælum innan straumsins og að markmið náist • Þátttaka í eftirliti • Hafa yfirsýn yfir þátttöku starfsfólks innan straumsins í teymum og öðrum verkefnum • Hvetja starfsfólk til að ná árangri og styðja þegar þörf krefur	Hæfniskröfur: • Fagleg þekking og/eða reynsla á sviði verkefnastýringar • Farsæl reynsla af teymisvinnu og árangursmiðuðu samstarfi • Þekking og reynsla af árangursríkri hagnýtingu upplýsingatækni og samfélagsmiðla • Þjónustumiðuð hugsun • Reynsla af því að leiða breytingar á árangursríkan hátt • Góð skipulagsfærni • Framsýni og nýsköpunarhugsun • Frábær samskiptafærni og færni til að miðla málum • Geta til að takast á við áskoranir með jákvæðu viðhorfi • Gleði, lausnamiðun og léttleiki • Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti • Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. menntun á sviði stjórnunar, nýsköpunar eða upplýsingatækni	Hæfniskröfur: • Farsæl starfsreynsla sem nýtist í starfi s.s. við stjórnun stærri verkefna • Reynsla af árangursmiðuðum verkefnum • Þjónustumiðuð hugsun • Reynsla af því að leiða breytingar á árangursríkan hátt • Góð skipulagsfærni • Framsýni og nýsköpunarhugsun • Frábær samskiptafærni og færni til að miðla málum • Geta til að takast á við áskoranir með jákvæðu hugarfari • Gleði og lausnamiðun • Reynsla af hagnýtingu á upplýsingatækni • Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti • Háskólamenntun sem nýtist starfi s.s. á sviði iðn- og tæknifræði, vinnuverndar eða stjórnunar	Hæfniskröfur: • Þekking á vélum og tækjum og farsæl starfsreynsla sem nýtist í starfi s.s. við stjórnun stærri verkefna • Reynsla af árangursmiðuðum verkefnum • Þjónustumiðuð hugsun • Reynsla í að leiða breytinga á árangursríkan hátt • Góð skipulagsfærni • Framsýni og nýsköpunarhugsun • Frábær samskiptafærni og færni til að miðla málum • Geta til að takast á við áskoranir með jákvæðu hugarfari • Gleði og lausnamiðun • Reynsla af hagnýtingu á upplýsingatækni • Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti • Háskólamenntun eða iðnmenntun sem nýtist í starfi s.s. á sviði vélfræði, bifvélavirkjunar, stjórnunar eða í tæknigreinum

Verkefnastjóri á verkefnastofu

Helstu verkefni og ábyrgð er að: • Stýra og skipuleggja þau verkefni sem verkefnastofu er falið • Bera ábyrgð á gerð áætlunar um framkvæmd verkefnanna þar sem markmið þess, þarfagreining, vörður, samskipti, tímalína og kostnaður eru skilgreind • Miðlun og kynning á verkefnum • Vera styðjandi og hvetjandi við starfsfólk í teymisvinnu • Koma með tillögur að umbótastarfi og þróun	Hæfniskröfur: • Gleði og lausnamiðun • Frumkvæði, framsýni og nýsköpunarhugsun • Haldbær reynsla í að stýra verkefnum og nýta til þess margvísleg verkfæri verkefnastjórnunar á árangursríkan hátt	• Þekking og reynsla af farsælli teymisvinnu • Drifkraftur og rík þörf til að ná árangri • Afburða skipulagsfærni • Þjónustumiðuð hugsun • Frábær samskiptafærni og færni til að miðla málum • Geta til að takast á við áskoranir með jákvæðu hugarfari	• Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti • Mjög góð þekking og áhugi á upplýsingatækni • Þekking á straumlínustjórnun (e. lean management) kostur • Háskólamenntun sem nýtist í starfi og nám í verkefnastjórnun eða annað sem miðar að sama marki
--	---	---	--

Umsóknarfrestur er til 27. júní nk. Sótt er um á vefsíðu Intellecta: www.intellecta.is

Senda skal ferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi til starfsins er rökstudd. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Vinnueftirlitið er með starfsstöðvar á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík, Ísafirði, Selfossi og Sauðárkróki sem og í Reykjanesbæ og Reykjavík, og er mögulegt að sinna þessum störfum frá þeim stöðum.

Hikið ekki við að vera í sambandi við Hildi Ösp Gylfadóttur, sviðsstjóra fólks, upplýsinga og þróunar hildur.gylfadottir@ver.is. til að fá nánari upplýsingar um störfin

Vinnueftirlitið hefur nýja og metnaðarfulla mannauðsstefnu sem og fjar- og viðverustefnu svo dæmi sé tekið. Komdu til okkar og taktu þátt í að gera góðan vinnustað betri.

Frekari upplýsingar um Vinnueftirlitið má sjá á www.vinnueftirlitid.is





Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við ógnum vegna netárása. Sveitin greinir atvik, takmarkar útbreiðslu og tjón af völdum netárása og er virkur þátttakandi í umræðu um netöryggismál og fyrirbyggjandi aðgerðum fyrir íslenska innviði.

Fagstjóri í netöryggissveit - CERT-ÍS

Netöryggissveitin CERT-ÍS leitar að fagstjóra atvikameðhöndlunar. CERT-ÍS starfar sem sér skipulagseining innan Fjarskiptastofu.

Fagstjóri atvikameðhöndlunar gegnir lykilhlutverki í að móta og styrkja stöðu CERT-ÍS til komandi ára. Einnig býðst frábært tækifæri til náinnar þátttöku í sívaxandi og öflugum samstarfi erlendra CERT/CSIRT teyma.

Við bjóðum gott tækifæri til starfsþróunar í kviku umhverfi netöryggismála.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna náið með stjórnendum við stefnumótun og uppbyggingu CERT-ÍS
- Leiða hóp atvikameðhöndlunar og viðbragðsteymis CERT-ÍS
- Meginábyrgð á þróun og framkvæmd viðbragðshlutverks CERT-ÍS
- Leiða eftirvinnslu atvikameðhöndlunar og úrvinnslu og miðlun upplýsinga
- Virk þátttaka í sviðshópum mikilvægra innviða
- Undirbúa og framkvæma reglubundnar æfingar sviðshópa
- Náin þátttaka í samstarfi alþjóðlegra CERT og CSIRT sveita
- Greining á mismunandi netárásam og ráðgjöf til þjónustuaðila

Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð leiðtogaþæfni
- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða haldgóða reynslu á sviði netöryggismála
- Minnst 2 ára starfsreynsla í netöryggismálum
- Reynsla af hugbúnaðargerð, net- eða kerfisrekstri
- Reynsla af viðbragðs- og aðgerðarstjórnun
- Mikil greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð
- Djúp þekking á helstu samskiptastöðlum í upplýsingatækni
- Hæfileiki til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
- Þekking á fjarskiptalögum og NIS löggjöfinni æskileg

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi sem er ráðinn þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Sækja þarf um á www.starfatorg.is

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Arnar Sigmundsson - guðmundur@cert.is

CERT-ÍS hvetur einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um starfið. Litið er svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.



Viltu starfa hjá stærsta bílaumboði landsins?

Í boði er björt og glæsileg vinnuaðstaða og endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni. Verkstæðið er tæknilega vel útbúið samkvæmt stöðlum framleiðanda.

Sótt er um á www.bl.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til **19. júní**

Nánari upplýsingar veitir
Trausti Björn, deildarstjóri þjónustu:
trausti.ri@jaguarlandrover.is



Bilanagreininir á verkstæði Jaguar Land Rover

Við óskum eftir bifvélavirkja til þess að sinna stöðu bilanagreinis. Bilanagreininir vinnur náið með verk- og tæknistjórum, aðstoðar bifvélavirkja eftir þörfum, sinnir skýrslugerð og sækir námskeið erlendis.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- › Bilanagreiningar
- › Fylgja verkferlum framleiðanda í bilanagreiningum, viðgerðum og skýrslugerð
- › Ákvarðanataka um pöntun varahluta eftir niðurstöðu greiningar

Vinnutími:

Mán.-fim. kl. 8.00-17.00

Fös. kl. 8.00-15.15

Menntunar- og hæfniskröfur:

- › Bifvélavirkjamenntun
- › Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- › Góð færni í ensku, töluðu og rituðu máli
- › Gott tölvulæsi, unnið er með rafrænar verkbeiðnir og hluti af þjálfun er rafræn
- › Bílpróf
- › Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg



Viltu taka þátt í að móta framtíðina á vinnumarkaði?

Í BHM eru 27 aðildarfélög og félagsfólk sem vinnur fjölbreytt störf á öllum sviðum samfélagsins. Um 16.500 manns eru í aðildarfélagunum, þar af um 65% konur. Alls starfa 22 á skrifstofu BHM. Í krafti fjöldans og fjölbreytninnar stendur BHM vörð um mikilvægi hugvits, sérfræðikunnáttu og menntunar.

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM veitir félagsfólki upplýsingar um ýmis mál og veitir aðstoð við umsóknir um styrki úr sjóðum bandalagsins í samvinnu við ráðgjafateymi.

STARFSSVIÐ

- Þjónusta við félagsfólk aðildarfélaga BHM
- Móttaka og meðhöndlun gagna og umsókna
- Yfirferð styrkjaumsókna
- Umsjón og eftirlit með rafrænu umsóknarferli
- Gagnaöflun fyrir stjórnir aðildarfélaga og sjóði BHM
- Aðkoma að því að þróa áfram sjálfsafgreiðslu og rafrænt aðgengi félagsfólks gegnum vef
- Innleiðing þjónustuaukandi leiða í samráði við aðra ráðgjafa þjónustuvers

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Góð starfsreynsla af alhliða skrifstofustörfum
- Reynsla af störfum félagasamtaka er kostur

Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum

Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviði vinnuréttar. Sérfræðingurinn heyrir undir framkvæmdastjóra BHM og vinnur náið með öðrum sérfræðingum bandalagsins og aðildarfélögum þess.

STARFSSVIÐ

- Umsjón með kjara- og réttindamálum
- Aðstoð við undirbúning og framkvæmd kjaraviðræðna aðildarfélaga
- Gerð stofnanasamninga og starfsmats
- Ritun og undirbúningur umsagna um þingmál
- Seta í nefndum og starfshópum
- Fræðsla um kjara- og réttindamál til aðildarfélaga BHM og félagsfólks
- Samskipti við kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og SA

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði lögfræði, viðskiptafræði, hagfræði eða félagsvísinda
- Þekking og reynsla af málefnum stéttarfélaga og vinnumarkaðsmálum er krafa
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti
- Þekking og reynsla af stofnana- og kjarasamningagerð er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og afburðafærni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Geta til að vinna í hóp og hæfni til að leiða mál til lykta

Sérfræðingur í fjármálum og rekstri

Sérfræðingur í fjármálum og rekstri sinnir fjölbreyttum og krefjandi verkefnum þvert á allar deildir BHM. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra BHM og er unnið í mikilli samvinnu við hann.

STARFSSVIÐ

- Aðkoma að fjárhagsáætlanagerð og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlana
- Greiningarvinna fyrir bandalagið og tengda sjóði ásamt uppgjörsvinnu
- Eftirlit og rekstur eigna. Umsjón með innkaupum, samningagerð og útboðsvinnu
- Ábyrgð á upplýsingatæknimálum og samskiptum við þjónustuaðila
- Ábyrgð á verkefnum sem bandalaginu er falið að sinna með þjónustusamningum við tengda sjóði
- Þróun og eftirfylgni á mannauðs- og vinnuverndarmálum skrifstofunnar auk launavinnslu
- Undirbúningur stjórnarfunda sjóða BHM og aðkoma að úrvinnslu og eftirfylgni þeirra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða tengdu fagi
- Reynsla af fjármálum og rekstri
- Frumkvæði og drifkraftur
- Geta til að setja fram gögn og kynningar á skýran og skilmerkilegan hátt
- Framúrskarandi samskiptahæfni og góð færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Geta til að vinna sjálfstætt sem og að leiða fjölbreytt verkefni til lykta

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2022.

Nánari upplýsingar um störfín má finna á intellecta.is. Upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511-1225.





NAVISION HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Veritas leitar að metnaðarfullum Navision sérfræðingi til að slást í upplýsingatæknihóp samstæðunnar.

Starfssvið

- Greining á þörfum, tæknilegum kröfum og hönnun hugbúnaðarlausna innan Navision sem styðja við vinnuferla Veritas samstæðunnar
- Pátttaka í þróun upplýsingatækni Veritas samstæðunnar
- Forritun lausna
- Gerð prófunartilvika

Hæfni, þekking og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla á Microsoft Dynamics Navision
- Þekking og reynsla af bókhaldi fyrirtækja, sem og geta til að setja sig inn í viðskiptaumhverfi og -ferla
- Þekking á Microsoft umhverfi er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 13. JÚNÍ

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Veritas, www.veritas.is.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar veitir **Hákonía J. Guðmundsdóttir**, deildarstjóri upplýsingatæknideildar, hakonia@veritas.is.

Veritas sérhæfir sig í rekstri fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu. Veritas er móðurfélag fyrirtækjanna Artasan ehf., Distica hf., MEDOR ehf., Stoð ehf. og Vistor hf. Fyrirtækið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Veritas er vottað skv. ISO 27001 af BSI (British Standards Institution) í London. Nánar á www.veritas.is



GILDI VERITAS ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR

Þolir þú hitann?

Okkur vantar svæðisstjóra og starfsfólk í almenn störf á veitingasvið IKEA

Á veitingasviði IKEA er fjölbreytt og spennandi starfsemi þar sem framþróun og nýsköpun í matargerð er höfð að leiðarljósi. Við leitum að einstaklingum til að ganga til liðs við drífandi og jákvæðan hóp starfsfólks á veitingasviði þar sem stuðlað er að heilbrigði og vellíðan auk virkrar starfsþróunar.




Skannaðu QR-merkið með myndavélinni á símanum þínum eða kíktu á IKEA.is/umsokn fyrir nánari upplýsingar.



Taktu þátt í að móta framtíðina!


Mennta- og barnamálaráðuneyti auglýsir fjögur embætti skrifstofustjóra laus til umsóknar

Við leitum að drífandi einstaklingum í embætti skrifstofustjóra samkvæmt nýju skipuriti ráðuneytisins sem kynnt var 2. júní 2022. Við leitum að fólki sem hugsar í lausnum og sér tækifæri í öllum hindrunum. Við viljum ráða til starfa einstaklinga sem þrífast á krefjandi verkefnum, skynja taktinn í samfélaginu og vilja breyta til hins betra. Við ætlum sérstaklega að auka áherslu á uppbyggingu mannauðs, stafrænar breytingar og hagrænar greiningar á verkefnum.



Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar

Stefnumótun fyrir málefnaáætlun ráðuneytisins og innleiðingu stefnu. Undirbúningur stefnumála og áhersla ráðherra eins og þær birtast í sértækum stefnum, lögum, fjármálaáætlunum og fjárlögum.



Skrifstofa greininga og fjármála

Öflun, greining og framsetning tölfræðigagna er varða málefnaáætlun ráðuneytisins og mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum stefnumótandi tillagna og aðgerða. Yfirumsjón með gerð og eftirfylgni fjármálaáætlunar og fjárlaga.



Skrifstofa gæða- og eftirlitsmála

Eftirlit með framkvæmd og innleiðingu gildandi reglna, laga og verkefnaáætlana á málefnaáætlun ráðuneytisins, m.a. með námi og kennslu á öllum skólastigum. Ábyrgð á framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í undirstofnunum ráðuneytisins.



Skrifstofa ráðuneytisstjóra og innri þjónustu

Samhæfing á starfsemi ráðuneytisins, umsjón með umbótastarfi, undirbúningur og eftirfylgni með settum áherslum í starfsemi þess.

Markmiðið með nýju skipulagi er að efla teymisvinnu, skilvirkni og árangur innan mennta- og barnamálaráðuneytisins. Þannig nýtist mannauður ráðuneytisins sem best til að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna og ungmenna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi. Til að stuðla að farsælum árangri er rík áhersla lögð á skilvirkni og nýtingu tölfræði og greininga við mótun tillagna um aðlögun eða breytingar á stefnu, lögum og reglugerðum.

